

lætur í té. Umsóknir skulu berast fyrir 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að kaupum er þinglýst. Lánveitingar fara að jafnaði fram fjórum sinnum á ári miðað við framangreinda eindaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. janúar 1975.

Nr. 5.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar frá 9. mars 1972.

1. grein orðist svo:

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Akureyrar.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

7. grein orðist svo:

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

8. grein orðist svo:

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir	kr. 300.00
40 mm mælir	— 400.00
50 mm mælir	— 800.00
80 mm mælir	— 1 000.00
100 mm mælir	— 2 000.00

Mælaleiga breytist eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

9. grein orðist svo:

Skipavatnsskattur.

Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn skal vera kr. 25.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 300.00. Þurfi að afgreiða vatn til skipa og báta utan venjulegs vinnutíma, greiðir kaupandi vatnssölumanni eftirvinnu- eða helgidagakaup. Greiðsla fyrir vatn til skipa breytist eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna
nr. 93 1. mars 1974.

1. gr.

Við 1. gr. lista I, sterk eiturefni, sterkt eitur, bætast:

KVIKASILFUR
METÝLKVIKASILFUR

2. gr.

Við 2. gr. lista III, hættuleg efni, bætast:

FERBAM
HEXAKLÓRBENZEN
KÚMARÍN
LINÚRÓN
PENTAKLÓRNITRÓBENZEN
PÝRITRÍN
RÓTENÓN
SÍMAZÍN

3. gr.

Við 2. gr. lista V, hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi, bætast:

FORMALDEHÝÐ
ÓZÓN

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. des. 1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27. 18. apríl 1973, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. janúar 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.